



STARFSÁÆTLUN HÁSKÓLARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS 2020-2021

sbr. 3. gr. starfsreglna háskólaráðs.

Drög lögð fram á fundi háskólaráðs 10. september 2020

FORSENDUR

Eitt viðamesta verkefnið í starfsemi Háskóla Íslands á síðustu árum hefur verið innleiðing og framkvæmd heildarstefnu skólans til fimm ára í senn. Núverandi stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 er að renna sitt skeið og kemur til kasta háskólaráðs á haustmíssi 2020 að marka nýja heildarstefnu fyrir tímabilið 2021-2026 að frumkvæði rektors. Af eðli máls leiðir að stefnan er, auk fjárhagsrammans sem Háskólanum er settur, mikilvægasta forsenda starfsáætlunar háskólaráðs.

Hér að neðan eru tiltekin áherslumál starfsáætlunar háskólaráðs starfsárið 2020-2021. Starfsáætlunin verður reglulega til umfjöllunar og e.a. endurskoðunar í háskólaráði á starfsárinu og uppgjör lagt fram í lok þess.

1. MÓTUN NÝRRAR HEILDARSTEFNU FYRIR TÍMABILID 2021-2026

Skýring: Mótun nýrrar heildarstefnu HÍ fer fram á haustmíssi 2020 og gert er ráð fyrir að drög að stefnu verði lögð fyrir háskólaráð á vormíssi 2021. Minnisblað um stefnumótunina lagt fyrir háskólaráð 10. september. Við upphaf stefnumótunarferlisins verður gerð grein fyrir uppgjöri á núverandi stefnu, HÍ21.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, háskólaþing.

2. FJÁRMÁL

- **Fjárhagsáætlun fyrir Háskóla Íslands**

Skýring: Fjárhagsáætlun fyrir HÍ er undirbúin á haustmíssi á vettvangi fjármálanefndar háskólaráðs og lögð fyrir háskólaráð til afgreiðslu. Mikilvægustu forsendur fjárhagsáætlunar eru fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til fimm ára og árleg fjárlög.

Ábyrgð: Rektor, fjármálanefnd háskólaráðs, sviðsstjóri fjármálasviðs, framkvæmdastjóri.

- **Markmiðsbundin starfs- og fjárhagsáætlanagerð**

Skýring: Áhersla verður lögð á heildstæða starfs- og fjárhagsáætlanagerð („Planning and Budgeting“), þannig að fjárhagsáætlun HÍ í heild og einstakra skipulagseininga byggi á skýrri stefnu og markmiðasetningu.

Ábyrgð: Rektor, fjármálanefnd háskólaráðs, framkvæmdastjóri.

- **Sérstakt félag sem heldur utan um húsnæði Háskóla Íslands**

Skýring: HÍ hefur beitt sér fyrir því að stofnað verði sérstakt félag um byggingar skólans þannig að byggingarnar falli ekki undir ríkiseignir. Stjórnvöld hafa stutt þetta málefni. Það hefur verið kynnt og rætt ítarlega á fundum háskólaráðs undanfarna 18 mánuði og er mikið hagsmunamál fyrir HÍ. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fái í málið fyrir nk. áramót.

Ábyrgð: Rektor, framkvæmdastjóri.

- **Vinna að bættri fjármögnun Háskóla Íslands**

Skýring: Markmið HÍ er að fjármögnun skólans nái meðaltalsfjármögnun norrænna háskóla, sbr. m.a. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð.

- **Endurskoðun reiknilíkans mennta- og menningarmálaráðuneytisins**

Skýring: Mennta- og menningarmálaráðherra lagði vorið 2020 fram Grænbók um fjármögnun háskóla en ekki liggur fyrir hvaða áhrif hún muni hafa. Endurskoðun reiknilíkans af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur verið í vinnslu um langt skeið. Sérstakur starfshópur um gæði og skilvirkni í háskólum á vegum ráðuneytisins vinnur að málinu. Rektor situr í hópnum og er honum ætlað að skila af sér fyrir lok árs.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- **Skrásetningargjald og forsendur þess**

Skýring: Skrásetningargjald er hluti af fjármögnun Háskóla Íslands og er ætlað að standa undir margvíslegri þjónustu við nemendur á meðan á námi þeirra stendur, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglur nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds, nr. 244/2014. Farið verði yfir forsendur þess og þá þjónustuliði sem gjaldið stendur undir að hluta.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð.

3. STJÓRNUN

- **Endurskoðunarnefnd háskólaráðs**

Skýring: Að frumkvæði endurskoðanda og nefndar háskólaráðs sem leggur árlega mat á störf ráðsins á undangengnu ári mun háskólaráð á fundi sínum 10. september 2020 taka afstöðu til tillögu um stofnun endurskoðunarnefndar. Hlutverk nefndarinnar verður m.a. að rýna fjármál HÍ.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð, innri endurskoðandi.

- **Mat á áhrifum og lærdómar í kjölfar COVID-19 faraldursins**

Skýring: Fyrir liggur að COVID-19 faraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á alla starfsemi HÍ. Mikilvægt er að fara skipulega yfir breytingarnar sem gera þurfti á námi, kennslu, vinnufyrirkomulagi og annarri starfsemi skólans og draga lærdóma af því varðandi framtíðina.

Ábyrgð: Rektor og framkvæmdastjóri, í samráði við aðstoðarrektora, forseta fræðasviða, deildarforseta, sviðsstjóra og Stúdentaráð.

- **Skilgreining lykilmælikvarða til að mæla árangur**

Skýring: Skilgreindir voru 19 lykilmælikvarðar sem á árangusvísar HÍ21, ásamt stærra mælikvarðasafni fyrir starfsemi HÍ. Þróað hefur verið mælaborð með árangursvísunum í Mími-vöruhúsi gagna á Uglu, sem ætlað er að styðja stjórnendur við rekstur starfseminnar. Mælaborðið verður tekið endanlega í gagnnið og kynnt í háskólaráði haustið 2020. Að auki er verið að undirbúa sérstakt mælaborð deildarforseta. Setja þarf umsjón með og þróun mælikvarða og mælaborðum í fastan farveg innan stjórnsýslunnar.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar.

- **Samskipta- og skuldbindingaráætlun**

Skýring: Unnið var að undirbúningi nýrrar samskipta- og skuldbindingaráætlunar á síðasta starfsári og var staðan mála kynnt fyrir háskólaráði vorið 2020. Vinnunni verður haldið áfram á starfsárinu. Markmið er m.a. að auka samlegðaráhrif og forgangsraða einstökum markmiðum og aðgerðum, styrkja stoðþjónustu og stjórnunarkjarna, samþætta stefnu HÍ við almenna starfsemi, stjórnun og áætlanagerð, efla leiðtoga- og stjórnendafærni og marka heildstæða áætlun um samskipti og skuldbindingu við innleiðingu stefnunnar. Áætlunin verður innleidd á háskólaárinu 2020-2021.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar.

- **Skipulag fræðasviða og deilda**

Skýring: Liðin eru 12 ár frá því að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust og innleitt var nýtt stjórnkerfi og skipulag sameinaðs háskóla. Á rúmum áratug hefur starfsemi og starfsumhverfi HÍ tekið miklum breytingum, en skipan helstu akademískra skipulagseininga haldist að mestu óbreytt. Ákveðið hefur verið að Heilbrigðisvísindasvið fari yfir

deildarskiptingu sína og skili ráðinu tillögum í október. Jafnframt verður ráðist í tímabæra greiningu á skipulagi fræðasviða og deilda og gerðar tillögur eftir því sem ástæða er til í því augnamiði að gera HÍ enn betur kleift að sinna hlutverki sínu og efla samkeppnishæfni hans.

Ábyrgð: Rektor, forsetar fræðasviða.

- **Nýtt starfslíkan fyrir miðlæga stjórnarsýslu Háskóla Íslands**

Skýring: Þessu verkefni er ætlað fylgja eftir ábendingum úr miðbiksmati Ian Creagh um hvernig má styrkja stjórnskipulag miðlægrar stjórnarsýslu HÍ. Skoðað verður hvort breytt stjórnskipulag styðji betur við fræðasvið skólans og starfsemi hans í heild sinni og gerð áætlun um innleiðingu.

Ábyrgð: Rektor, framkvæmdastjóri.

4. SKIPULAGS-, SAMGÖNGU- OG HÚSNÆÐISMÁL

- **Heildstæð stefna um skipulag og uppbyggingu háskólasvæðisins**

Skýring: Undirbúningur að nýju heildarskipulagi háskólasvæðisins er í vinnslu á vettvangi skipulagsnefndar háskólasvæðisins og með aðkomu erlendra sérfræðinga. Byggt er á því að nýtt heildarskipulag taki til þróunar faglegrar starfsemi HÍ, samgangna, umhverfis og sjálfbærni, lýðheilsusjónarmiða og farsæls háskólasamfélags. Drög að nýju skipulagi hafa verið kynnt á háskólaþingi, í háskólaráði og fyrir borgaryfirvöldum og er áætluð frekari kynning innan háskólasamfélagsins þegar aðstæður leyfa vegna COVID-19. Viðræður við borgaryfirvöld eru fyrirhugaðar á haustmisseri 2020, m.a. um formlega aðkomu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að gerð rammaskipulags

Ábyrgð: Rektor, skipulagsnefnd háskólasvæðisins, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

- **Samgönguáætlun fyrir Vatnsmýrarsvæðið**

Skýring: Unnið er að málinu á vettvangi svokallaðs Vatnsmýrarhóps með aðild HÍ, Landspítalans, Háskólans í Reykjavík og Reykjavíkurborgar. Tillögum hópsins verður fylgt eftir frá haustið 2020.

Ábyrgð: Rektor, Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs í samstarfi við ytri hagsmunaaðila og Reykjavíkurborg.

- **Áætlun um framtíðarfyrirkomulag bílastæðamála, þ.m.t. mögulega gjaldtöku**

Tillögur starfshóps hafa verið kynntar fyrir háskólaráði, innan fræðasviða HÍ og fyrir Félagsstofnun stúdenta. Frekari kynningar fyrir öðrum hagsmunaaðilum á háskólasvæðinu eru áformaðar. Stærsta áskorunin varðandi mögulegar útfærslur á gjaldtöku er breyting á reglugerð sem heimilar stofnunum ríkisins að ráðast í slíkt. Málið er í vinnslu.

Ábyrgð: Rektor, starfshópur, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

- **Áframhaldandi uppbygging Vísindagarða Háskóla Íslands og samþætting við aðra starfsemi skólans**

Skýring: Hugmyndahúsið Gróska mun opna á næstunni og þar verður Frumkvöðla- og sprotasetur HÍ í 1.500 fermetra húsnæði á jarðhæð Grósku. Gert er ráð fyrir að í Frumkvöðla- og sprotasetri HÍ starfi kringum 200 manns. Til skoðunar er hvort tölvunarfræði við HÍ flytji í húsið og verði þar í tengslum við CCP. Einnig er í undirbúningi að reisa aðra byggingu á vegum Alvotech. Viðræður hófust í feb. sl. á milli Íslenskrar erfðagreiningar og HÍ um uppbyggingu mögulegs gagnavinnsluseturs. Margvísleg frekari tækifæri við uppbyggingu Vísindagarða geta opnast á næstu misserum.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð, stjórn og framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ ehf.

- **Bygging Húss íslenskra fræða og samráð um nýtingu og rekstur hússins**

Skýring: Áformað er að taka húsið í notkun 2023. HÍ á ríflega þriðjung í húsinu sem mun m.a. hýsa Íslensku- og menningardeild.

Ábyrgð: Rektor, háskólaráð, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, framkvæmdastjóri, forseti Hugvísindasviðs.

- **Uppbygging framtíðaraðstöðu heilbrigðisgreina í tengslum við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut**

Skýring: Áformað er að hönnun hefjist um áramótin 2020/2021 og að framkvæmdir vegna húsnæðis HÍ fyrir Heilbrigðisvísindasvið hefjist í byrjun árs 2023.

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, forseti Heilbrigðisvísindasviðs.

- **Flutningur Menntavísindasviðs á háskólasvæðið**

Skýring: Viljayfirlýsing um flutning Menntavísindasviðs var undirrituð af mennta- og menningarmálaráðherra og rektor vorið 2020. Forathugun hefur verið send mennta- og menningarmálaráðuneytinu til afgreiðslu. Áformað er að reisa nýbyggingu undir fræðasviðið á lóð Vísindagarða á næstu fjórum árum.

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, forseti Menntavísindasviðs.

- **Öryggismál**

Skýring: Á síðustu misserum hefur innbrotum og skemmdarverkum fjölgað í byggingum HÍ. Gert verður átak í að auka öryggi starfsfólks, stúdenta og bygginga, m.a. með uppsetningu öryggismyndavéla, takmörkun á aðgengi með kortalesurum, auknu eftirliti o.fl.

Ábyrgð: Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

- **Aðgengi fyrir alla**

Skýring: Stór hluti húsnæðis HÍ er kominn nokkuð til ára sinna og ekki byggður skv. nútíma kröfum um aðgengi fyrir alla. Því er, auk viðhalds, lagt kapp á að bæta aðgengið, s.s. með skipulegum úttektum á einstökum byggingum, fjölga lyftum, bæta merkingar o.fl.

Ábyrgð: Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

- **Endurbætur á kennsluhúsnæði**

Skýring: Skipulega er unnið að endurbótum á kennsluhúsnæði til að mæta kröfum um nútímalega kennslu- og námshætti, s.s. með innréttungum, húsgögnum og tækjavæðingu. COVID-19 hefur hraðað þessari þróun.

Ábyrgð: Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, sviðsstjóri kennslusviðs, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, forsetar fræðasviða.

- **Uppbygging stúdentagarða**

Skýring: Markvisst hefur verið unnið að fjölgun stúdentaíbúða á síðustu árum. Á síðasta ári var tekinn í notkun stærsti stúdentagarður í landinu í Vatnsmýri og nú er í byggingu nýr stúdentagarður við Gamla-Garð. Áætlun um frekari fjölgun stúdentaíbúða verður hluti af nýju heildarskipulagi háskólasvæðisins.

Ábyrgð: Rektor, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, skipulagsnefnd háskólasvæðisins, í samstarfi við Félagstofnun stúdenta.

5. NÁM OG KENNSLA

- **Innleiðing stefnu um gæði náms og kennslu**

Skýring: Stefna um gæði náms og kennslu við HÍ var samþykkt í háskólaráði 2018 og er unnið að innleiðingu hennar. Stefnan tekur til námssamfélags nemenda og kennara, gæða náms og kennslu og þjónustu við fjölbreytt námssamfélag.

Ábyrgð: Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, kennslumálanefnd háskólaráðs, sviðsstjóri kennslusviðs.

- **Mótun stefnu um aðgangskröfur og inntöku nýnema**

Skýring: HÍ mun ljúka endurskoðun reglna um inntökuskilyrði og aðgangskröfur með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla sem innleidd hefur verið í öllum framhalds- og menntaskólum landsins.

Ábyrgð: Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, kennslumálanefnd háskólaráðs, sviðsstjóri kennslusviðs.

- **Innleiðing nýs námsumsjónarkerfis (Canvas)**

Skýring: Innleiðing námsumsjónarkerfisins Canvas hófst í byrjun árs 2020 og við upphaf haustmíssis 2020 hafa allir kennarar og nemendur skólans tekið Canvas upp og er það nú eina námsumsjónarkerfi skólans. Næsta skerf í innleiðingunni er að aðstoða kennara við að nýta þau tól og tæki sem standa þeim til boða í Canvas og efla þannig gæði náms og kennslu.

Ábyrgð: Sviðsstjóri kennslusviðs, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs.

- **Innleiðing nýs prófakerfis (Inspera)**

Skýring: Innleiðing prófakerfisins Inspera hófst í byrjun árs 2018 og hefur gríðarleg aukning verið á notkun þess. Næsta skref í innleiðingunni er að tryggja öruggari rafræn próf á netinu, t.d. með fjarprófum (Remote Exam) frá Inspera.

Ábyrgð: Sviðsstjóri kennslusviðs, sviðstjóri upplýsingatæknisviðs.

- **Útfærsla hugmynda um umbun vegna kennsluframlags – kennsluakademía.**

Skýring: Fjármunir hafa fengist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að stofna kennsluakademíu opinberu háskólanna. Málið hefur verið samþykkt í háskólaráði. Kynning á kennsluakademíunni stendur yfir innan háskólanna og næstu skref eru að ráða forstöðumann og leggja grunn að umsóknum í kennsluakademíuna.

Ábyrgð: Aðstoðarrektr kennslu og þróunar, sviðsstjóri kennslusviðs, forsetar fræðasviða.

- **Mótun stefnu og gæðaviðmiða um fjarnám**

Skýring: Frumdrög að stefnu (viðmiðum) um gæði fjarnáms hafa verið samin og eru tilbúin til kynningar. Drögin verða send til umsagnar innan HÍ við upphaf haustmísseris 2020.

Ábyrgð: Aðstoðarrektr kennslu og þróunar, sviðsstjóri kennslusviðs.

- **Styrking meistaranáms, umgjörð, innviðir og alþjóðleg tengsl námsins efl**

Skýring: Stuðningur aukinn með framlagi úr Aldarafmællissjóði (200 m.kr. samtals sl. tvö ár).

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektrar, forsetar fræðasviða, sviðsstjóri kennslusviðs, skrifstofa alþjóðasamskipta.

- **Styrking doktorsnáms**

Skýring: Drög að endurskoðuðum viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við HÍ verða tekin til afgreiðslu á haustmísseri 2020 og í framhaldinu verða sameiginlegar reglur HÍ um doktorsnám endurskoðaðar. Eftirfylgni við nýtt rafrænt umsjónarkerfi doktorsnáms við HÍ sem var formlega tekið í notkun 2020. Framkvæmd doktorsvarna endurskoðuð.

Ábyrgð: Aðstoðarrektr vísinda, Miðstöð framhaldsnáms, gæðanefnd.

6. RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

- **Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna**

Skýring: Nefnd um endurskoðun umhverfis matskerfis opinberu háskólanna mun skila tillögum fyrir haustið 2020. Í kjölfarið verður ráðist í endurskoðun rannsóknahluta matskerfisins. Einnig verða endurskoðaðar forsendur styrkja vegna samfélagsvirkni sem styðja við virka þátttöku akademískra starfsmanna í samfélaginu í krafti rannsókna þeirra og sérþekkingar og veitir voru í fyrsta sinn 2020.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektr vísinda.

- Endurskoðun stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang**

Skýring: Endurskoðun stefnu HÍ um opinn aðgang að vísindagreinum felur m.a. í sér opið aðgengi að rannsóknagögnum, þ.m.t. á rafrænu formi. Tekið er mið af stefnumótun á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Vísinda- og tækniráðs.

Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs.
- Endurskoðun reglna um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna í starfi**

Skýring: Endurskoðun reglna um ótímabundna ráðningu og framgang hófst 2020. Skipuð var valnefnd sem aðstoðarrektror vísinda fer fyrir. Í kjölfar umsagna verða tillögur að endurskoðuðum reglum kynntar á fundi háskólaráðs 10. september 2020 og gert ráð fyrir að háskólaráð afgreiði málið á haustmisseri 2020 og að nýjar reglur taki gildi snemma árs 2021.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektror vísinda
- Áhersla á hagnýtingu rannsókna og nýsköpunarstarfs, tengsl Háskóla Íslands við fyrirtæki og stofnanir og aukinn sýnileika nýsköpunar**

Skýring: HÍ átti frumkvæði að stofnun Auðnu tæknitorgs ehf. sem tók til starfa í byrjun árs 2019. Hlutverk Auðnu er að aðstoða vísindasamfélagið við hagnýtingu rannsókna og að tengja uppfinningar og vænleg nýsköpunarverkefni við fjárfesta og atvinnulíf og aðstoða við stofnun sprotafyrirtækja. Eins og áður er getið hefur verið ákveðið að setja á laggirnar sprota- og frumkvöðlasetur Vísindagarða HÍ í Grósku sem opnað verður haustið 2020. Í setrinu verða öflugir aðilar í nýsköpunarumhverfi landsins, s.s. Icelandic Startups og Auðna, auk sprotafyrirtækja HÍ. Í lok árs 2019 var skipaður stýrihópur til að skoða hvernig efla megi nýsköpun innan skólans. Hópurinn skilaði af sér sumarlok tillögum fyrir mótun nýrrar heildarstefnu HÍ. Lögð er áhersla á samfélagsleg áhrif rannsókna, eflingu og aukinn sýnileika nýsköpunarstarfs og virkt samtal og samstarf við samfélag og atvinnulíf. Sérstök áhersla er á nýsköpun í innleiðingu HÍ21 og verða tillögur sérstaks verkefnishóps um eflingu nýsköpunar nýttar í nýrri stefnu HÍ.

Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs.
- Mótun stefnu um eignarhald Háskóla Íslands í sprotafyrirtækjum**

Skýring: Vísinda- og nýsköpunarsvið hefur verið í samskiptum við fjármálaráðuneytið um hvernig best sé að standa að sölu eignarhluta HÍ í sprotafyrirtækjum. Tillaga um stofnun eignarhaldsfélags fyrir sprotafyrirtæki HÍ verður lögð fyrir og kynnt í háskólaráði.

Ábyrgð: Hugverkanefnd HÍ og Landspítalans, vísinda- og nýsköpunarsvið, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

- **Upplýsingakerfi rannsókna, PURE, og framtalsvefur akademískra starfsmanna**

Skýring: Hafist var handa við innleiðingu upplýsingakerfisins PURE, sem ríkisvaldið hefur keypt, snemma árs 2020 með það í huga að kerfið verði tekið í notkun um mitt ár 2021. Í tengslum við innleiðingu PURE mun framtalsvefur akademískra starfsmanna verða einfaldaður og stefnt að því að nánast allt efni verði forskráð og kerfi smíðuð til að halda utan um einstaka þætti framtalsins. Áformað er að brunnur um skráningu stjórnunar verði tilbúin í næsta framtali sem skila á fyrir 1. febrúar 2021.

Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs.

7. MANNAUÐUR OG STUÐNINGUR VIÐ STARFSFÓLK OG NEMENDUR

- **Samræming starfs- og fjölskylduábyrgðar**

Skýring: Hí leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður sem stuðlar að jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs starfsfólks og nemenda, sveigjanlegum vinnutíma, viðurkenningu fjölskylduábyrgðar og góð tengsl við fjölskyldur starfsfólks. Til að ná þessum markmiðum hefur verið sett fram aðgerðaráætlun í 11 liðum og er 6 þeirra lokið og 5 í vinnslu. Stefnt er að því að innleiðingu fjölskyldustefnu verði lokið fyrir árslok 2020. Um áramótin 2020/2021 verður vinnuvika þeirra sem að starfa í stjórnsýslu stytta og fer undirbúningur verkefnisins fram á haustmánuðum.

Ábyrgð: Sviðsstjóri mannauðssviðs.

- **Málefni stundakennara**

Skýring: Unnið er að því að ljúka ýmsum umbótum er varða stundakennara. Má þar nefna, auk hækunar launa, verklagsreglur um hæfi stundakennara, fræðslu og upplýsingagjöf fyrir stundakennara o.fl. Ennfremur að auka samræmingu þessara atriða á milli fræðasviða.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

- **Úttekt og eftirfylgni í kjölfar jafnlaunavottunar Háskóla Íslands**

Skýring: Unnið er eftir úrbótaáætlun í kjölfar jafnlaunavottunar sem HÍ fékk vorið 2019. Í apríl 2020 fór fram viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu. Undirbúningsvinna við nýjan starfshóp um kynjaða hagstjórn/fjármál stendur yfir. Hafið er samstarf við H2020 verkefnið ACTonGender er snýr að kynjuðum fjármálum.

Ábyrgð: Aðstoðarrektror vísinda.

- **Heilsuefling og íþróttaaðstaða**

Skýring: Miklar endurbætur voru gerðar á aðstöðu í íþróttahúsi HÍ á síðasta ári og er húsið nú alfarið nýtt fyrir íþróttir og heilsueflingu. Tækjasalur var stækkaður til muna, nýjum tækjum bætt við og sérstakur jóga- og slökunarsalur tekinn í notkun. Sumarið 2020 voru gerðar

endurbætur á kjallara og m.a. útbúnar sturtur, annars vegar fyrir nemendur og starfsfólk sem skilgreinir sig sem kynsegin og hins vegar fyrir hjólræiðafólk. Í upphafi árs var gerður samningur við Auðnast um heilsu- og trúnaðarlæknaþjónustu í því skyni að efla heilsu og vinna gegn streitu. Í undirbúningi er opnun World Class í Vísindagörðum.

Ábyrgð: Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, framkvæmdastjóri.

- **Geðheilbrigði og vellíðan nemenda**

Skýring: Lögð er áhersla á fjölbreytt úrræði til að bæta geðheilbrigði nemenda, s.s. sálfræðiráðgjöf Náms- og starfsráðgjafar, sálfræðiráðgjöf háskólanema, Sálrækt – hópmeðferð fyrir háskólanema, HAM-hópmeðferð fyrir háskólanema, Hugrún – geðfræðslufélag og hugleiðsluhóp Háskólans.

Ábyrgð: Sviðsstjóri kennslusviðs, Náms- og starfsráðgjöf, Stúdentaráð, aðstandendur einstakra verkefna.

- **Verkefnið „Sprettur“**

Skýring: Verkefnið „Sprettur“ byggir á erlendu verðlaunaverkefni Aurora samstarfsskóla og hefur að markmiði að auka þátttöku barna innflytjenda í háskólanámi. Verkefnið hófst haustið 2020 hafa verið valin 10 ungmenni til þátttöku í verkefninu. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri sem jafnframt sinnir hlutverki fjölmenningarfulltrúa HÍ.

Ábyrgð: Aðstoðarrekter kennslumála og þróunar, kennslusvið.

- **Skipuleg öflun upplýsinga um bakgrunn nemenda**

Skýring: Unnið er að öflun upplýsinga um bakgrunn nemenda svo unnt sé að greina þörf einstakra hópa fyrir stuðning og unnt sé að beita markvissum stuðningi í námi. Taka þarf tillit til persónuverndarsjónarmiða og hvort nýta megi gögn sem fyrir eru, s.s. úr Eurostudent-könnuninni.

Ábyrgð: Aðstoðarrekter vísinda, kennslusvið, jafnréttisnefnd, jafnréttisfulltrúar.

- **Eftirfylgni aðgerðaáætlunar til að koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi**

Skýring: Unnið er að innleiðingu áætlunar í 16 liðum. Fjórar aðgerðir tengjast endurteknum verkefnum og mun því ekki ljúka. Sex aðgerðum er lokið. Samstarf við ábyrgðaraðila gengur vel.

Ábyrgð: Aðstoðarrekter vísinda.

- **Aukinn stuðningur við erlenda nemendur Háskóla Íslands**

Skýring: Starf alþjóðaafulltrúa Stúdentaráðs var sett á laggirnar á síðasta ári til að sinna betur þjónustu við erlenda nemendur, sem eru um 10% heildarnemendafjölda HÍ, í samstarfi við skrifstofu alþjóðasamskipta, gæta hagsmuna þeirra og auðvelda þeim að gerast virkir þátttakendur í háskólasamfélaginu og veita aðra aðstoð.

Ábyrgð: Forstöðumaður skrifstofu alþjóðasamskipta, Stúdentaráð.

8. VIRK ÞÁTTTAKA Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI

- **Aukinn stuðningur við samfélagsþátttöku og miðlun rannsóknaniðurstaðna og þekkingar til samfélagsins**

Skýring: Í starfi HÍ er lögð vaxandi áhersla á samfélagsþátttöku og miðlun rannsóknaniðurstaðna og þekkingar til samfélagsins, m.a. með skírskotun til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna ásamt miðlun upplýsinga um kjarnastarf skólans, kennslu og rannsóknir tengd sömu heimsmarkmiðum.

Ábyrgð: Aðstoðarrekter vísinda, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs.

- **Markaðs- og samskiptamál**

Skýring: Myndbandamiðlun eflar áfram til að mæta stafrænni þörf á COVID-tímum og breyttu eðli vefmiðlunar og notkun samfélagsmiðla. Streymi aukið á viðburðum og kynningum á námsframboði. Sérstakur fyrir námsleiðir í grunnnámi eflar og endurhannaðar með betri tengingu við kennsluskra, framhaldsnám og möguleg störf í atvinnulífi. Áhersla á samfélagsleg áhrif rannsókna og á miðlun þekkingar, ekki síst varðandi áskoranir sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vefurinn þróaður með hliðsjón af áhrifum skólans á samfélag og tengsl við heimsmarkmiðin.

Ábyrgð: Markaðs- og samskiptasvið.

- **Undirbúningur nýrrar sjálfbærnistefnu fyrir Háskóla Íslands**

Skýring: Unnið er að undirbúningi nýrrar sjálfbærnistefnu HÍ þar sem m.a. verði tekið mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, áherslum sem ríkisstjórn Íslands hefur sett fram í málaflokknum og greiningu á kolefnisspori HÍ. Starfsfólk og stúdentar verði hvattir til umhverfisvænna háttá og hegðunar, s.s. með því að sneiða hjá einnota vörum. Gert er ráð fyrir að sjálfbærnistefnan verði hluti af nýrri heildarstefnu HÍ fyrir tímabilið 2021-2016.

Ábyrgð: Sjálfbærni- og umhverfisnefnd HÍ.

9. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

- **AURORA European University Alliance**

Skýring: Aurora háskólanetið sendi inn umsókn í European Universities áætlun ESB í lok febrúar 2020 undir heitinu Aurora Alliance. European Universities áætluninni er ætlað að styrkja evrópskt háskólakerfi í harðri samkeppni við aðra heimshluta. Með samvinnu háskóla undir merkjum European Universities verða grundvallarbreytingar á því hvernig háskólar álfunnar vinna saman. Í júlí 2020 var tilkynnt að Aurora Alliance hefði fengið framgang og verið valið eitt af European Universities sem hlýtur alls 7 m evra styrk frá Evrópusambandinu til þriggja ára. European Universities er aðaláherslumál ESB í háskólamálum og einstakt tækifæri fyrir HÍ að vera í fararbroddi í framtíðaruppbyggingu háskóla álfunnar. Áhersla

Aurora Alliance er á sviði samfélagslegrar nýsköpunar, með áherslu á að mennta og þjálfanemendur til að gera þeim betur kleift að takast á við áskoranir samtímans. Netinu verður formlega hleypt af stokkunum í nóvember. Fyrsta styrkárið 2020-2021 verður unnið að undirbúningi og skipulagi verkefnsins innan HÍ og í samstarfi við hina aðildarháskólana.

Ábyrgð: Rektor, forstöðumaður skrifstofu alþjóðasamskipta, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, forseti Stúdentaráðs.

- **Heildstæð áætlun um alþjóðasamskipti Háskóla Íslands**

Skýring: Unnið er að mótnun heildstæðrar áætlunar um alþjóðasamskipti HÍ sem styður við heildarstefnu skólans. Áhersla lögð á innviði alþjóðavæðingar og gæði í alþjóðasamstarfi HÍ.

Ábyrgð: Rektor, forstöðumaður skrifstofu alþjóðasamskipta.

10. GÆÐAMÁL

- **Framkvæmd annarrar lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla (QEF2)**

Skýring: Unnið er skipulega að framkvæmd annarrar lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla um eflingu gæða í háskólastarfi, s.s. skipulegt sjálfsmat deilda (7 deildir sinna þessu verkefni á starfsárinu), mat á gæðum rannsókna og ytra mat (úttekt) á HÍ í heild. Heimsókn erlendra matsaðila átti að fara fram haustið 2020 en var frestað um óákveðinn tíma vegna COVID-19. Niðurstöður allra þessara greininga mynda mikilvæga forsendu fyrir undirbúning og mótnun næstu heildarstefnu HÍ.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektorar, gæðanefnd háskólaráðs, gæðastjóri.

- **Áframhaldandi uppbygging formlegs gæðakerfis Háskóla Íslands**

Skýring: Kerfi til að stýra gæðaskjölum hefur verið stillt upp skv. ISO 9001 stjórnkerfisstaðli. Stjórnáætlunir, bæði miðlægt og á fræðasviðum, nýta kerfið fyrir gerð og vistun gæðaskjala. Gæðaskjöl stjórnkerfis jafnlauna hafa verið flutt inn í kerfið auk annarra gæðaskjala. Vinna við sameiginlegar verklagsreglur á milli staðla er í gangi.

Ábyrgð: Gæðanefnd háskólaráðs, gæðastjóri.

- **Endurskoðun á hlutverki gæðanefndar háskólaráðs**

Skýring: Gæðanefnd er nú falið það hlutverk að tryggja og efla gæði náms og kennslu, rannsókna og stjórnunar við HÍ. Í því felst m.a. að styrkja formlegt gæðakerfi skólans og efla gæðamenningu innan hans. Verkefnum nefndarinnar er lýst í sérstöku erindisbréfi sem samþykkt var í háskólaráði 1. júní 2017. Eins og skipan nefndarinnar er háttað hefur hún takmarkaða möguleika til að fylgja þessum verkefnum eftir þar sem nefndarmenn bera ekki stjórnunarlega ábyrgð en starfa í nefndinni eingöngu í krafti þekkingar sinnar og reynslu af akademísku starfi. Samkvæmt ISO 9001 staðlinum skulu stjórnendur rýna stjórnkerfi gæða með skipulögðum hætti til að tryggja að kerfið henti starfseminni, sé skilvirkt og í samræmi við stefnu og markmið stofnunarinnar. Jafnframt þarf að skerpa á hvernig verkefnum nefndarinnar er háttað í ljósi starfs kennslumálanefndar og vísindanefndar til að koma í veg

fyrir tvíverknað. Því er tímabært að endurskoða hlutverk nefndarinnar og setja henni skýrar starfsreglur.

Ábyrgð: Rektor, aðstoðarrektorar, gæðanefnd háskólaráðs, gæðastjóri.

- **Innleiðing stjórnkerfisstaðla og innri úttekta**

Skýring: Í gangi er vinna við að stilla upp heildarstjórnkerfi gæða skv. ISO 9001 (sjá að ofan). Áformað er að samræma verklag og einfalda framsetningu en ekki er stefnt að vottun. Jafnlaunastaðall ÍST 85 hefur þegar verið innleiddur og vottun jafnlaunakerfis er í höfn. Í gangi er vinna við innleiðingu á stjórnkerfi upplýsingaöryggis, ISO 27001, á öryggisstaðli ISO 45001 og umhverfisstaðli ISO 14001. Undirbúningur hefur staðið yfir frá 2019 og gengur skv. áætlun. Gerður hefur verið samningur við BSI á Íslandi um ytri úttektir á vottuðum stöðlum. Jafnframt þarf að byggja upp ferla fyrir innri úttektir á gæðaskjölum.

Ábyrgð: Gæðastjóri, sviðsstjórar viðkomandi stjórnýslueininga.

- **Innleiðing gæðahringsins við framkvæmd heildarstefnu Háskóla Íslands**

Skýring: Unnið hefur verið að mótun verklags við símat á gæðum kennslu og rannsókná sem mun undirbyggja reglulegt mat þessara þátta í tengslum við Rammaáætlun gæðaráðs (QEF), og eftirfylgni á aðgerðum í kjölfar úttekta og sjálfsmats. Aðgerðir í kjölfar sjálfsmats deilda eru tengdar við stefnumið úr HÍ21 þar sem það á við.

Ábyrgð: Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, gæðastjóri.

- **Útfærsla á verklagsreglum vegna stofnunar nýrra námsleiða annars vegar og símats og reglulegrar endurskoðunar námsleiða hins vegar**

Skýring: Verkefni sem koma mun fyrir háskólaráð á haustmisseri.

Ábyrgð: Aðstoðarrektorar, gæðastjóri, sviðsstjóri kennslusviðs.

11. UPPLÝSINGATÆKNIMÁL

- **Nýtt mannauðskerfi. Samhæfing gagna og betri yfirsýn**

Skýring: Upplýsingar um mannauð HÍ er að finna í mörgum kerfum og vöntun á heildarsýn í einu kerfi. Árið 2019 var gerð þarfagreining og unnið að greiningu verkferla tengdra mannauðsmálum. Á árinu 2020 hefst uppbygging Kvikú í Uglu sem miðju mannauðskerfa og breytinga á öðrum kerfum sem lúta að því að aukinn stuðningur verði við verkferla tengda mannauðsmálum.

Ábyrgð: Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, sviðsstjóri mannauðssviðs.

- **Stundatöflukerfi**

Skýring: Á árinu 2020 hefur starfshópur skipaður fulltrúum allra fræðasviða og miðlægrar stjórnýslu unnið að greiningu þarfa fyrir heildarlausn vegna stundatöflugerðar. Markmiðið er að koma upp heilsteyptu stundatöflukerfi fyrir gerð allra stundartafla og mögulega einnig

próftaflna. Slíku kerfi er ætlað að tengja saman hópa, tíma og staðsetningu allrar kennslu í HÍ. Hópurinn hefur skilað af sér þarfagreiningu og skoðað lausnir á markaði. Vonast er til að vali á kerfi verði lokið á haustmánuðum og að kerfið geti verið komið í gagn 2021.

Ábyrgð: Sviðsstjórar upplýsingatæknisviðs og kennslusviðs.

- **ISO 27001 vottun Háskóla Íslands**

Skýring: Stefnt er að því að stjórnkerfi HÍ um upplýsingaöryggi fái vottun skv ISO 27001 á síðari hluta árs 2020. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis nær til þess húsnæðis, vélbúnaðar, hugbúnaðar, þjónustu, ferla og starfsfólks sem nauðsynlegt er til að viðhalda ásættanlegu þjónustustigi fyrir viðskiptavinum og innri starfsemi HÍ, ásamt uppsetningu og viðhaldi útstöðva og umsýslu notenda fyrir HÍ.

Ábyrgð: Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs.